

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. nefndadeildar Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi*Erindi nr. Þ 120/1339**komudagur 10/4 1996***Umsögn um frumvarp til laga
um staðfesta samvist, 320. mál**

Stjórn Samtakanna '78 fagnar framkomnu frumvarpi um staðfesta samvist sem boðar mikilsverða réttarbót til handa samkynhneigðu fólki.

Ályktun Alþingis vorið 1992 kvað á um "úrþætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi" en ákvæði frumvarpsins ná ekki því takmarki og ganga ekki alla leið að fullri jafnstöðu samkynhneigðs og gagnkynhneigðs fólks. Stjórn Samtakanna '78 telur þó mikilvægt að frumvarp þetta verði samþykkt nú á vörþingi og að jafnframt verði undirbúin næstu skref til að uppfylla fyrrnefnda þingsályktun um "að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi".

Athugasemdir við einstakar greinar:**6. gr.**

Stjórn Samtakanna '78 leggur til að í 1. mgr. bætist við "varðandi frumættleiðingar" og að mgr. verði í heild þannig: "Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón varðandi frumættleiðingar gilda ekki um staðfesta samvist."

Það er fagnaðarefni að í frumvarpinu er ekki undanskilinn réttur pars til sameiginlegrar forsjár barns. Hér er viðurkennd sú staðreynd að börn eru fyrir hendi í fjölskyldum lesbía og homma og ber því löggjafarvaldinu að tryggja uppvaxtarskilyrði þeirra á sem bestan máta. Stjórn Samtakanna '78 telur liggja beinast við að gefa uppeldisforeldri kost á að stjúpættleiða barn til að tryggja því full og óskoruð réttindi svo sem erfðarétt.

Í starfi Samtakanna '78 hefur sýnt sig að lesbíur og hommar á Íslandi eiga oft að baki sambúðir og barneignir þegar þau koma úr felum með kynhneigð sína. Hagtölur sýna að Íslendingar eru barnfleiri en aðrir Norðurlandabúar og foreldrar, einkum mæður, eru yngri við fæðingu barna heldur en er í nágrannaríkjum okkar. Útskýrir það þá reynslu af vettvangi samtakanna að börn eru oftast til staðar í sambúðum samkynhneigðra á Íslandi en í grannríkjum okkar.

Stjórn Samtakanna '78 telur að þær varfærnu reglur og skýru viðmiðanir sem Dómsmálaráðuneytið hefur varðandi stjúpættleiðingar séu örugg trygging fyrir því að stjúpættleiðing myndi eingöngu eiga sér stað með hagsmuni barnsins í huga. Sú vinnuregla er viðhöfð að það kynforeldri sem ekki hefur forsjá barnsins verður að gefa samþykki sitt til ættleiðingarinnar og hefur þannig úrskurðarvald í málinu.

Slík breyting á 6. gr. sem hér er lögð til myndi tryggja réttindi barna í fjölskyldum samkynhneigðra. Stjúpættleiðingarheimild er allt annars eðlis en bæði frumættleiðing og tæknifrjógungun og er fyrst og fremst mannréttindamál fyrir börn samkynhneigðra.

8. gr.

Stjórn Samtakanna '78 álitur að ákvæði hjúskaparlaga um sáttaumleitanir presta milli einstaklinga eigi ekki að gilda við slit staðfestrar samvistar.

Til rökstuðnings er bent á að í Danmörku var samvistarréttur samkynhneigðra lögtekinn vorið 1989. Dönsku lögnum hefur verið breytt einu sinni frá gildistöku þeirra og með þeirri breytingu var fellt burtu ákvæði um skyldu presta til sáttaumleitana. Í norskri löggjöf hafa verið felld niður öll ákvæði um þvingaðar sættir við lok hjúskapar og voru slík ákvæði aldrei sett í löggjöf þeirra um staðfesta samvist.

Fyrirséð er að ákvæði í íslenskum lögum um skyldur presta til sáttaumleitana milli samkynhneigðra muni skapa erfiðleika og togstreitu þar sem prestar munu ekki verða lögmatir vígslumenn skv. 4. gr. frumvarpsins. Vígslumenn verða einvörðungu sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra og því væri eðlilegt að sáttaumleitani r væru á hendi t.d. sýslumanna og dómara sbr. 4. mgr. 42. gr. hjúskaparlaga.

9. gr.

Stjórn Samtakanna '78 leggur til að samvistarlög öðlist gildi 27. júní.

Stjórn Samtakanna '78 leyfir sér að leggja til að gildistöku dagur íslenskrar löggjafar um staðfesta samvist samkynhneigðra verði 27. júní sem er dagur mannréttindabaráttu lesbía og homma um allan heim.


27. júní árið 1969 markaði tímamót í opinskárrí réttindabaráttu samkynhneigðra. Til átaka kom í Greenwich Village í New York þegar samkynhneigðir risu upp til varnar þegar að þeim var ráðist og afleiðing þess varð m.a. að samtök samkynhneigðra tvíefldust í mannréttindabaráttu sinni. Frelshátíð samkynhneigðra ("Gay Pride") hefur síðan verið fagnað á þessum degi og hafa Samtökin '78 haldið daginn hátíðlegan um árabil.

Fordæmi fyrir gildistöku laga á "óhefðbundnum" dögum eru fyrir hendi í íslenskri löggjöf. Sem dæmi má nefna að kosningaréttur kvenna var lögtekinn þann 19. júní sem nú er hinn íslenski kvenréttindadagur.


Stjórn Samtakanna '78 væntir þess að Allsherjarnefnd Alþingis sjái sér fært að taka athugasemdir þessar til greina.

Reykjavík, 9. apríl 1996.

Með vinsemd og virðingu,



Margrét Pála Ólafsdóttir
formaður



Matthías Matthíasson
varaformaður